


Ljósmyndasýning á Kjarvalsstöðum



Listamennirnir við verk sín ásamt tveimur andlitsmyndum eftir heiðursgestinn, Jón Kaldal. Þeir eru f.v. Pjetur Maack, Kjartan Kristjánsson og Gunnar S. Guðmundsson (Ljósmyndari)

Í dag kl. 17 verður opnuð ljósmyndasýningin Ljós á Kjarvalsstöðum en hún hefur verið haldin annað hvert ár síðan 1971. Á þessu sinni standa 3 ljósmyndar-

ar að sýningunni, þeir Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan Kristjánsson og Pjetur Maack. Heiðursgestur sýningarinnar er Jón Kaldal, en hann var fyrsti Íslend-


ingurinn sem hélt einkasýningu á ljósmyndum. Sýningin verður opin 16-22. febr. kl. 16-22 daglega og um helgar frá 14-22.

—GFr

Fylgirit
Árbókar H.Í.

Uppruni hverna og linda

Til þess að gefa almenn- ingi einhverja hugmynd um og innsýn í þau rannsóknastörf sem fara fram innan veggja Háskóla Íslands fylgir Árbók H.Í 1973-1976 sérstakt rit sem fjallar um rannsóknir dr. Braga Arnasonar, prófessors, á uppruna og eðli grunnvatnskerfa landsins, bæði heitra og kaldra, og nefnist það „Rennsli vatns um bergrunn Íslands, Uppruni hverna og linda.“



Uppruni og meginrennissleiðir flestra heitra vatnskerfa landsins. Kerfin eru sýnd með örvum, og eru þá örvarnar dregnar frá miðju áætlaðs úrkomusvæðis kerfisins og til viðkomandi jarðhitasvæðis. Alls eru á myndinni 47 tölusett heit vatnskerfi.

Markmið þessara rannsókna hafa einkum verið að afla grundvallarþekkingar um þessa hluti, og helstu niðurstöður sem hafa fengist eru eftirfarandi.

Tekist hefur að kortleggja vatnsstreymi kaldra grunnvatnskerfa á nokkrum allstórum svæð-

um á landinu. Helstu svæðin eru: Vatnsvæði Þórisvatns og svæðið suðvestur af því allt niður í Land-sveit, og svæðið norðan Vatna-jökuls allt norður í Óxarfjörð.

Rannsóknir á hvervatni hafa gefið eftirfarandi mynd af uppruna jarðhitans: Hvervatnið er að uppruna regn. Í flestum tilfellum er það regn, sem fallið hefur á hálendi landsins fyrir all- löngu síðan. Þar hefur það náð að seytle djúpt niður í berggrunninn, en við það hitnar það. Vatnið getur síðan streymt neðan jarðar allt að 150 km leið, uns það leitir upp um sprungur og misgengi á láglandi landsins eða jafnvel á hafsbotni undan ströndum þess.

Loks hafa þessar rannsóknir veitt nokkrar upplýsingar um aldur vatns, þ.e. hve langt er frá því það féll sem regn og þar til það birtist aftur í uppsprettum eða borholum. Vatn köldu grunnvatnskerfanna er vart meir en fárra áratuga eða jafnvel aðeins fárra ára gamalt. Heita vatnið er hins vegar mjög misgamalt, en þó í flestum tilvikum miklu eldra en kalda vatnið. Yngsta heita vatnið er aðeins nokkurra áratuga gam- alt, en það elsta er frá síðustu isöld.

Þegar haft er í huga að vatnsföll og jarðhiti er megin undir- staða þeirrar orku, sem Íslend- ingar eiga, ætti þýðing þessara rannsókna fyrir orkubúskap landsmanna að vera nokkuð augljós. Það er alit höfundar rit- gerðarinnar, að með þessum rannsóknum höfum við komist einu skrefi nær því lokatak- marki, ekki aðeins að vita hvar eigi að bora eftir heitu vatni, heldur einnig að vita hve miklu af því við megum deila upp úr jörðinni án þess að hætta á að rányrkja þessa orkulind.

Tilkynning

frá Nýja Hjúkrunarskólanum

Fyrirhugað er hjúkrunarnám fyrir ljós- mæður í Nýja hjúkrunarskólanum. Um- sóknareyðublöð fást í skólanum. Umsókn- ir berist fyrir 15. september 1978. Skólustjóri

Blikkiðjan
Asgarði 7, Garðabæ

Önumst þakrennusmíði og uppsetningu — enntremur- hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð

SÍMI 53468



Félag
járniðnaðarmanna

Félagsfundur

verður haldinn þriðjudaginn 21. febrúar 1978 kl. 8.30 e.h. í Félagshemili Kópavogs, uppi.

Dagskrá:
Uppsögn kjarasamninga
Mætið vel og stundvislega.

Stjórn Félags járníðnaðarmanna



Iðja,

félag
verksmiðjufólks,

heldur félagsfund i Lindarbæ mánudaginn 20. febrúar, kl. 5 e.h.

Dagskrá:

1. Uppsögn samninga.
 2. Kosning fulltrúa á 3. þing Landssam- bands iðnverkafólks.
- Stjórn Iðju.

Aðalfundur

Aðalfundur Prentsmiðju Þjóðviljans h/f fyrir árið 1977 verður haldinn fimmtudag- inn 2. mars 1978 og Grettisgötu 3. Fundur- inn hefst kl. 17.00.

Dagskrá:

- 1) Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
 - 2) Önnur mál.
- Stjórnin.

Styrkir til háskólanáms á Ítalíu

Ítölsk stjórnvöld hafa tilkynnt að þau bjóði fram í löndum sem aðild eiga að Evrópuráðinu fimm styrki til háskóla- náms á Ítalíu háskólaárið 1978-79. — Ekki er vitað fyrir- fram hvort einhver þessara styrkja muni koma í hlut Ís- lendinga. — Styrkir þessir eru eingöngu ætlaðir til fram- haldsnáms við háskóla og eru veittir til 12 mánaða náms- dvalar. Styrkjárhæðin er 240.000 lífrur á mánuði auk þess sem ferðakostnaður er greiddur að nokkru.

Umsækjendur skulu hafa góða þekkingu á frönsku eða ensku, eigi vera eldri en 35 ára og skulu hafa lokið há- skólaprófi áður en styrktímabil hefst. Þeir ganga að öðru jöfnu fyrir um styrkveitingu sem hafa kunnáttu í Ítalskri tungu.

Umsóknum um styrki þessa skal komið til menntamála- ráðuneytisins, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 23. þ.m. — Sérstök umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Menntamálaráðuneytið, 13. febrúar 1978.

Málfrelsisjóður

minnir á heimsenda giróseðla sem greiða má í hverri bankastofnun og pósthúsi. Póstgirónúmer Málfrelsisjóðs er 31800.

Málfrelsisjóður
Laugavegi 31, sími 29490